# Tjaldsvæði Kópavogstúni

## Aðgangur og verð

Tjaldsvæði með vatnssalerni verður á grasinu vestan við Hafnarfjarðarveg (á Kópavogstúni) fyrir neðan Sunnuhlíð – ekið inn frá götunni Kópavogstún.

- Gjald fyrir aðstöðuna alla helgina er 6.000 kr. á gistieiningu.
- Varast ber að valda óþarfa hávaða.
- Rjúfið ekki næturkyrrð að óþörfu.
- Vinnið ekki spjöll á náttúrunni.
- Virðið svefnfrið á milli kl. 23:00 - 07:00. Athugið að keppendur gista einnig á svæðinu og nauðsynlegt að þær fái hvíld.
- Óheimilt er að kveikja opinn eld og farið varlega með grill og gastæki. Leggið ekki einnota grill beint á jörðina.
- Hundar mega aldrei vera lausir á tjaldsvæðinu eða valda öðrum gestum ónæði eða ótta.
- Því miður er ekki aðstaða til losunar á ferðasalernum en bendum við á viðurkenndar stöðvar við Klettagarða Rvk. og Hraunavík Hfj.

## Rafmagn

Vinsamlegast virðið að rafmagn á svæðinu er takmarkað og því ekki innheimt sérstaklega fyrir það.

- Óheimilt að vera með hitablásara í gangi.
- Bannað að tengja fleiri tjöld/tjaldvagna/fellihýsi/húsbíla/hjólhýsi inn á sömu greinina.
- Óheimilt er með öllu að hlaða bíla með rafmagni á tjaldstæðinu, bendum við á viðurkenndar hleðslustöðvar.

## Rusl

Gestir eru beðnir að ganga vel um. Sorp er sett í lokaðan poka í sorpílát svæðisins.
Það eru vaktir yfir daginn en endilega látið vita ef losa þarf sorpílát eða ruslafötur á snyrtingum (s: 839-3542).

- Sorp og flöskur/dósir skal láta í þar til gerð ílát.

## Umferð ökutækja

Umferð ökutækja á tjaldsvæðum skal vera í lágmarki, aðeins má aka inn og út af svæðinu en ekki aka um innan svæðis.

- Öll umferð bíla er bönnuð frá **kl. 23:00 – 07:00** og gæti akstursleiðum þá verið lokað.
- Heimilt er að hafa bifreið við gistieiningu en forðast að aka um svæðið meira en brýna nauðsyn ber til.
- Athugið að hámarkshraði má aldrei fara yfir **15 km/klst.**

## Annað

- Viljum við einnig benda á tjaldsvæðið í Laugardal og á Vífilstaðatúni í Hafnarfirði.
- Athugið Sundlaug Kópavogs er í göngufæri frá tjaldsvæðinu.
- Símanúmer: **Tjaldvakt - s: 839-3542 / Mótstjórn - s: 839-3607**